

## Fundargerð

### Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 4. maí 2022.

Staður: Fundarherbergi / skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.30 og lauk kl.17.55.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Ragnar Hilmarsson, Anna Lilja Sigurðardóttir, Sýlvía Ósk Speight, Már Sveinbjörnsson, Aðalbjörg Óladóttir og Magnús Gunnarsson. Forföll: Arnfríður Kristín Arnardóttir og Viðar Halldórsson.

### Dagskrá:

- 1. Styrkur til íþróttahreyfingarinnar vegna tekjutaps af völdum heimsfaraldurs**  
Íþróttahreyfingin fær 500 m kr. fjárframlag frá stjórnvöldum sem mótvægisáðgerð gegn tekjutapi af völdum heimsfaraldurs. Þetta var ákveðið á fundi ríkisstjórnar föstudaginn 8. apríl sl. Útfærsla úthlutunar og framkvæmdar verður unnin í samstarfi við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí). ÍSí verður falið að óska eftir umsóknum um stuðning frá sambandsaðilum. Að þessu sinni rennur 70% af fjármagninu til sérsambanda, héraðssambanda og íþróttabandalaga og 30% til íþróttafélaga.
- 2. Hjólað í vinnuna hefst 4. maí 2022**  
Var auglýst á netmiðlum af hálfu ÍBH og netmiðlum og fjölmiðlum af hálfu ÍSí. Er haldið í tuttugasta sinn og fer fram frá 4. – 24. maí 2022. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu verkefnisins hjoladivinnuna.is.
- 3. Bjartir dagar í Hafnarfirði 20. – 24. apríl 2022 – mat á verkefninu**  
Farið yfir samantekt af íþrótt- og hreyfitengdri dagskrá. Þátttaka íþróttafélaga í verkefninu tókst vel og var góð, almenn ánægja er með framtakið.
- 4. Skýrsla starfshóps ÍSí um verkferla, vinnubrögð og viðmið í íþróttahreyfingunni**  
Lögð fram til kynningar og umræðna. Frestur til að gera formlegar umsagnir eða ábendingar var framlengdur til 4. maí 2022.
- 5. Námskeið í Ólympíu**  
Lagt fram til kynningar. Var sent á öll aðildarfélög ÍBH. Frekari upplýsingar veitir sviðsstjóri Þróunar- og fræðsluviðs ÍSí í netfanginu [ragnhildur@isi.is](mailto:ragnhildur@isi.is).
- 6. Sérblað – Hafnfirsk æska**  
Lagt fram til kynningar. Var sent á öll aðildarfélög ÍBH. Stefnt að því að blaðið komi út miðvikudaginn 18. maí nk. Ábendingar komu frá stjórnarfólki um að gefa blaðið einnig út á haustin, þegar starf íþrótt- og tómstundafélaga er að fara af stað.
- 7. Starfsskýrsluskil í Sportabler – staðan 2. maí 2022**  
Lagt fram til kynningar, stjórnarfólki sýnd skilagátt ÍBH fyrir aðildarfélög ÍBH, 4. maí 2022 voru 12 félög búin að skila, 3 félög að vinna í skilum, 8 félög ekki hafið skil og

það vantaði eitt félag inn á skilalistann og er unnið að því að lagfæra það, samtals eiga 24 íþróttafélög innan ÍBH að skila starfsskýrslu í kerfið.

**8. Fulltrúaráðsfundur ÍBH 10. maí 2022**

Umræður um fundinn og efnið á honum. Upplýsingar um fundinn og skráningu á hann hafa verið sendar á formenn aðildarfélaga ÍBH og stjórn ÍBH.

**9. Skyldingaþing verður haldið 12. maí 2022 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal Reykjavík**

Lagt fram til kynningar.

**10. Badmintonþing verður haldið 19. maí 2022 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal Reykjavík**

Lagt fram til kynningar.

**11. Önnur mál**

a). MG upplýsti fundarmenn um að bæjarráð Hafnarfjarðar hefði á fundi 3. maí sl. samþykkt eftirfarandi erindi Knattspyrnufélagsins Hauka og Hestamannafélagsins Sörla varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja:

**4. 1510061 - Ásvellir, uppbygging**

*Útboð 1. áfangi, til afgreiðslu*

Bæjarráð felur umhverfis- og skipulagssviði að undirbúa útboð á fyrsta áfanga knatthúss Hauka.

**5. 1903474 - Hestamannafélagið Sörli, framkvæmdasamningur, erindi**

*Útboð, 1. áfangi, til afgreiðslu*

Bæjarráð felur umhverfis- og skipulagssviði að undirbúa útboð á fyrsta áfanga reiðskemmu Sörla.

Stjórn ÍBH vill í ljósi þessara samþykktu færa Hafnarfjarðarbæ þakkir fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja í Hafnarfirði.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.